

Endurgreiðsla á kostnaði vegna ferða sem Landspítali hefur samþykkt

- Hvaða kostnaður verður endurgreiddur ?
 - Spítalinn greiðir einungis þann kostnað sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða og fæst ekki endurgreiddur.
 - Starfsmönnum ber að kanna hvort kortatryggingar greiði e.t.v. hluta kostnaðarins.
 - Starfsmönnum ber að kanna hvort flugvallarskattar fáist endurgreiddir.
 - Styrkir sem starfsmenn hafa t.d. fengið frá stéttarfélögum falla ekki undir þessa ákvörðun. Starfsmönnum er bent á að hafa samband við viðkomandi stéttarfélag.
- Hvað með ferðir sem eru fyrirhugaðar og munnlegt leyfi yfirmanns liggur fyrir, en formleg beiðni og þ.a.l. samþykkt liggur ekki fyrir í ferðakerfinu ?
 - Nýjar náms- og ráðstefnuferðir verða ekki samþykktar á meðan þetta ástand varir.
 - Liggja fyrir staðfesting yfirmanns um að heimila ferð, þó svo að beiðni hafi ekki verið skráð í ferðakerfið, og starfsmaður hefur sannarlega lagt út fyrir kostnaði sem yfirmaður hefur skuldbundið spítalann til að greiða, mun sá kostnaður verða endurgreiddur
- Get ég framvísað einhverri staðfestingu til ráðstefnuhaldara vegna þessarar ákvörðunar framkvæmdastjórnar þegar ég óska eftir endurgreiðslu á ráðstefnugjaldi ?
 - Útbúið hefur verið bréf sem hægt er að nota í þessum tilgangi. Bréfið er á slóðinni:
 - https://innri.lsh.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Skrifstofur/Skrifstofa-forstjora/Fylgigogn-og-tilkynningar/bref_um_bann_allra_namskeida_Covid_2020ENSKA.pdf
- Starfsmaður er að fara í ferð og hefur spítalinn samþykkt að greiða hlut ferðarinnar, og starfsmaður hluta. Endurgreiðir spítalinn líka þann hluta sem starfsmaður greiddi sjálfur ?
 - Spítalinn getur því miður ekki bætt fjártjón af þessu tagi, eingöngu staðið við það sem spítalinn sjálfur hafði samþykkt að greiða, ef það fæst ekki endurgreitt.
- Hvað með aðrar ferðir en náms- og ráðstefnuferðir ?
 - Tilkynningin frá spítalanum nær eingöngu til ferða sem Landspítali hafði samþykkt að greiða fyrir. Hver og einn verður að meta og taka ákvörðun varðandi aðrar ferðir, hvort sem þær eru á námsleyfisdögum eða frídögum. Spítalinn greiðir ekki þann kostnað.
 - Varðandi ferðir í frítíma: Beiðni Landlæknis til heilbrigðisstarfsmanna gildir, þ.e.a.s. að "fresta öllum utanlandsferðum". Landspítali hefur ekki bannað þær ferðir að öðru leyti og getur ekki bætt starfsfólki tjón eða útlagðan kostnað.
- Hvernig verður endurgreiðslu háttáð á þeim ferðum sem spítalinn hefur skuldbundið sig til að greiða ?
 - Þegar fyrir liggur hvaða kostnaður fæst ekki endurgreiddur, á starfsmaður að senda fullnægjandi (staðfesting á þeim kostnaði sem starfsmaður hefur ekki getað fengið endurgreiddan) til Margrétar Óskar Guðmundsdóttur á launadeild, en hún annast utanumhald þessara ferða. Netfengið hjá henni er mosk@landspitali.is